

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag svifbrautar í Hlíðarfjalli.

Bæjarstjórn Akureyrar og sveitarstjórn Hörgárbyggðar hafa í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag fyrir svifbraut í Hlíðarfjalli. Deiliskipulagið fjallar um aflanga skák, frá stað skammt sunnan Skíðahótelis og upp á fjallsbrún.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Akureyri, 26. apríl 2001.*

F.h. Akureyrarbæjar,  
**Kristján Þór Júlíusson**  
bæjarstjóri.

F.h. Hörgárbyggðar,  
**Oddur Gunnarsson**  
oddviti.

30. apríl 2001

Nr. 369

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag við Klettaborg, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag íbúðarsvæðis við Klettaborg á Akureyri. Skipulagssvæðið liggur norðan og vestan undir brekkum niður af Kotárgerði og Kringlumýri og afmarkast í norðri af Borgarbraut. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 19 einbýlishúsalóðum og 36 íbúðum í raðhúsum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Akureyri, 30. apríl 2001.*

F.h. Akureyrarbæjar,  
**Kristján Þór Júlíusson** bæjarstjóri.

7. maí 2001

Nr. 370

## LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir **Áshrepp, Blönduóssbæ, Bólstaðarhlíðarhrepp, Engihlíðarhrepp, Húnaþing vestra, Höfðahrepp, Skagahrepp, Sveinsstaðahrepp, Svínavatnshrepp, Torfalækjarhrepp og Vindhælishrepp.**

### I. KAFLI

#### Um reglu, velsæmi og almennt öryggi á almannafæri.

*Regla og næði.*

1. gr.

Með hugtakinu almannafæri er í samþykkt þessari átt við vegi, svæði og staði sem almenningur fer um eða ætlaðir eru til almenningsnota, utan húss eða innan, svo sem verslanir, samkomustaðir og aðrir þjónustustaðir.